

## ROXY FRÁ SKOTLANDI (Huntaway)

**Eigandi hunds:** Gunnar Einarsson/Guðrún S. Kristjánsdóttir

**Ræktandi:** Kevin S. Campell

**Fæðingarár hunds:** 2005

Roxy er fædd í Skotlandi en var flutt inn til Íslands 2006. Hún er af tegundinni Huntaway eða New Zealand Sheepdog,

Huntaway hafa aðra eiginleika en Border Collie sem geta verið eftirsóknarverðir við ýmsar aðstæður. Huntaway er geltandi fjárhundur sem nýtist einkum við rekstur og getur farið á eftir fé um langan veg, án þess þó að hafa glatað eiginleika sínum við að halda fjárhóp saman. Þetta getur komið sér vel þegar þarf að halda stórum fjárhóp á hreyfingu, húa þarf kindum niður úr fjallshlíðum eða út úr skógi. Huntaway, eru oft notaðir með Border Collie, Borderinn heldur þá hópnum saman, stýrir og sækir en Huntaway hleypur geltandi fyrir aftan og fram með hliðunum á hópnum.

Því miður fylgdi Roxy engin formleg ættartala, en það virðist ekki vera lagt mikið upp úr því með þessa hunda í Skotlandi. Hún hefur engu að síður staðist ágætlega væntingar og orðinn frambærilegur smalahundur (skrifað 2009).



